



Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar ehf.

Vesturvör 34, 200-Kópavogur Sími 520 5200

Netfang: outgoing@gjtravel.is, veffang: www.ferdir.is

Ferð til Prag 22.-27.10. 2023

- 22.10. Flogið með Flugleiðum FI-536 frá Keflavík kl. 07:30 til Prag, höfuðborgar Tékklands og lent þar klukkan 13:15.. Prag er forn og sögufræg borg, sem um tíma var höfuðborg sambandslýðveldisins Tékkóslóvakíu og áður konungsríkisins Bæheims, sem um aldir var hluti af veldi Habsborgarættarinnar. Litrík saga borgarinnar hefur sett mark sitt á útlit hennar, hér er meðal annars að finna óspilltar gotneskar byggingar, barrokk og jugendstíl. Fljótið Vltava eða Moldá rennur í gegnum borgina og er spannað af mörgum brúm, meðal annars hinni stórmerkilegu Karlsbrú, sem byggð var á 14. öld. Gist í Prag næstu 5 nætur. Sameiginlegur kvöldverður.



- 23.10. Farið í gönguferð um Staré Mesto, sem er elzti hluti borgarinnar og var ein þeirra 5 borga, sem á 18. og 19. öld voru sameinaðar í borgina, sem við í dag köllum Prag. Við lítum m.a. við á stóra torginu, Starometské námestí, reynum að ná því að sjá ráðhúsklukkuna slá, en hún er aldagamalt tæknundur, göngum eftir þróngri Karlova-götunni og endum á Karlsbrúnni. Sameiginlegur kvöldverður.



- 24.10. Farið í skoðunarferð um borgarhverfin vestan Moldár. Gengið um Hradcany, kastalahæðina, þar sem dómkirkjan er og konugshöllin. Við göngum um kastalasvæðið, lítum við í dómkirkju heilags Vítusar, einu helzta kennileiti Pragborgar, heimsækjum “Gullgötuna” og göngum síðan niður “Gömlu kastaþrepin” og niður í Mala Strana, Litlu hlíð. Þaðan göngum við svo yfir Manes brúna og ljúkum ferðinni í gamla gyðingahverfinu, Josefov. Sameiginlegur kvöldverður.



- 25.10. Dagsferð til Karlstejn-kastala, sem byggður var á 14. öld og trónir hátt yfir fallegu þorpi sem gengið er í gegnum á leið okkar upp að kastalanum. Einnig munum við heimsækja kristalsverksmiðju og fræðast um framleiðsluna. Sameiginlegur kvöldverður



- 26.10. Frjáls dagur í Prag. Kvöldverður með þjóðdansasýningu og tónlist.



- 27.10. Ekið klukkan 10:30 út á flugvöll. Flogið er með Flugleiðum FI 537 kl. 14:05 til Keflavíkur og lent þar 16:00.

Verð á mann í tvíbýli: kr. 110.000,-